

17. mars 2015  
Tilv. 1503066

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar (undantekningar frá tryggingavernd).

Með tölvupósti óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (undantekningar frá tryggingavernd), 581. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að innstæður fyrirtækja sem svipt hafa verið eða skilað hafa inn starfsleyfi sínu sem fjármálafyrirtæki njóti ekki verndar innstæðutryggingakerfisins, þ.e. Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Verði frumvarpið að lögum ætti ekki að vera neinn vafi um stöðu innstæðna fyrirtækja sem svo háttar um, hvort sem slitum er formlega lokið eður ei.

Seðlabanki Íslands styður samþykki frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Eggert Þ. Þórarinsson  
staðgengill framkvæmdastjóra